



## Fundur háskólaráðs 31. maí 2006

### Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludwig  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 22.05.2006  
Dags: 31.05.2006

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

07/2006

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, miðvikudaginn 31. maí var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Vilhjálms Árnasonar), Eiríkur Tómasson, Erna Kristín Blöndal, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes Rúnar Sveinsson, Jón Ólafur Skarphéðinsson og Rögnvaldur Ólafsson. Matthías Páll Imsland boðaði forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 Hugmyndir fjármálanefndar um breytingar á deililíkani, sbr. síðasta fund.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði nefndarinnar um breytingar á deililíkani Háskólans. Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Samþykkt að fela Ingu Jónu Þórðardóttur og Rögnvaldi Ólafssyni ásamt fjármálanefnd að vinna áfram hugmyndir um breytingar á deililíkani með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið.

#### 1.2 Fjárhagsstaða Háskólans 2006, yfirlit eftir fjóra mánuði.

Rektor og Ingjaldur Hannibalsson gerðu grein fyrir framlögðum gögnum um rekstur og fjárhagsstöðu Háskólans fyrstu fjóra mánuði ársins 2006.

#### 1.3 Um hugsanlega sameiningu HÍ og KHÍ, sbr. síðasta fund. Drög að umsögn háskólaráðs.

Arnfríður Guðmundsdóttir, fulltrúi hugvísindasviðs, og Rögnvaldur Ólafsson, fulltrúi raunvísindasviðs, gerðu grein fyrir framlagðri samantekt á umsögnum aðila innan Háskóla Íslands um hugsanlega sameiningu HÍ og KHÍ, en á fundi háskólaráðs 4. maí sl. var þeim falið að undirbúa umsögn háskólaráðs í samráði við akademíska stjórnslu. Málið var rætt ítarlega.

- Samþykkt einróma að fela rektor, ásamt Arnfríði Guðmundsdóttur og Rögnvaldi Ólafssyni, að ganga frá umsögn háskólaráðs um hugsanlega sameiningu HÍ og KHÍ.

#### 1.4 Bréf Heimis Arnar Herbertssonar hrl., dags. 12. apríl sl., sbr. fund ráðsins 5. maí.

Eiríkur Tómasson, fulltrúi félagsvísindasviðs og varaforseti háskólaráðs, og Jóhannes Rúnar Sveinsson, fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora,

gerðu grein fyrir framlagðri tillögu um afgreiðslu ráðsins á erindi Heimis Arnar Herbertssonar hrl.

- Svohljóðandi ákvörðun samþykkt samhljóða, en einn sat hjá: „Að höfðu samráði við lögmann Háskóla Íslands telur háskólaráð ljóst að Háskólanum er ekki skylt að greiða þá reikninga sem vísað er til í erindi lögmannsins. Þar af leiðandi er ráðið sammála þeirri meginafstöðu sem fram kemur í bréfi rektors frá 6. janúar 2005.

Erindi lögmannsins til háskólaráðs er einnig stutt þeim rökum að Háskólinn hafi áður staðið straum af lögfræðikostnaði í málum sem skólinn hefur ekki sjálfur verið beinn aðili að. Af hálfu ráðsins hafa verið könnuð þau mál sem hér um ræðir. Fyrir liggur að í öllum tilvikum hefur verið tekin sjálfstæð afstaða til þess hverju sinni hvort málefnið og hagsmunir Háskólans réttlæti að stofnað sé til slíkra útgjalda. Ætíð hefur þá verið gengið frá því fyrirfram hver kostnaðarhlutdeild skólans yrði vegna málarekstursins. Jafnframt hafa verið sett skilyrði um hámark kostnaðar og til hvaða kostnaðarliða hlutdeildin næði.

Að áliti háskólaráðs er það nauðsynleg forsenda þess að Háskólanum sé heimilt að stofna til útgjalda af þessu tagi, að afstaða sé tekin til kostnaðarhlutdeildar fyrirfram og með afmörkuðum hætti. Fyrir liggur að svo var ekki gert í því tilviki, sem erindi lögmannsins varðar. Af þeim sökum telur ráðið ekki unnt að verða við þeirri beiðni lögmannsins að Háskólinn greiði þá reikninga sem erindi hans tekur til.”

## **2. Erindi til háskólaráðs**

### **2.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011. Drög að stefnu einstakra deilda og stjórnsýslu.**

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Málið verður áfram á dagskrá háskólaráðs.

### **2.2 Skipun vinnuatsnefndar fyrir árið 2006.**

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að matsnefnd vegna vinnuats fyrir árið 2006 verði skipuð eftirtöldum einstaklingum: Helga Tómassyni, dósent, Árna Kristjánssyni, lektor, Þórarni Sveinssyni, dósent, Bjarnheiði K. Guðmundsdóttur, vísindamanni, Þór Eysteinsyni, dósent, Ásdísi Rósu Magnúsdóttur, dósent, Róbert H. Haraldssyni, dósent, og Bryndísi Brandsdóttur, vísindamanni.

### **2.3 Skipun nýs fulltrúa Samtaka iðnaðarins í stjórn Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki. Jón Steindór Valdimarsson komi í stað Krístrúnar Heimisdóttur.**

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að Jón Steindór Valdimarsson komi í stað Krístrúnar Heimisdóttur sem fulltrúi Samtaka iðnaðarins í stjórn Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki.

### **2.4 Breytingar á reglum viðskipta- og hagfræðideildar um rannsóknánám, sbr. fund ráðsins 4. maí sl.**

Fyrir fundinum lá umsögn kennslumálanefndar sem mælti með breytingunum með tilteknum fyrirvörum. Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma að 2. mgr. 6. gr. reglna viðskipta- og hagfræðideildar um rannsóknánám skuli hljóða svo: „Þegar sérstaklega stendur á er þó heimilt að meta námskeið sem skilgreint er á meistarastigi, en viðkomandi nemandi hefur tekið sem hluta af B.S.-prófi sínu eða sambærilegri prófgráðu. Meistaránámsnefnd ákveður

hverju sinni hvort forsendur eru til þess að meta einstakt námskeið með þessum hætti og skal þá að jafnaði binda ákvörðun sína því skilyrði að nemandi bæti við sig tilteknu námskeiði á B.S.- eða meistarastigi til jafnmargra eininga og hann fær metnar með þessum hætti.”

Háskólaráð lítur svo á að hér sé um að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að ekki skuli nýta námskeið í grunnnámi sem námskeið í meistaranámi og að í framtíðinni beri að forðast slíkar undantekningar. Jafnframt felur háskólaráð kennslumálanefnd að leggja fram tillögur um hvernig hægt verði að efla meistaranám og auka framboð námskeiða á meistarastigi, t.d. í fjarkennslu frá öðrum erlendum og innlendum háskólum.

**2.5 Drög að reglum um meistara- og doktorsnám í lýðheilsufræðum, sbr. síðasta fund.**

Rektor gerði grein fyrir málinu.  
- Frestað.

**2.6 Endurskoðuð tillaga að breytingu á ákvæðum reglna HÍ um skipun fulltrúa stúdenta á deildarfundum í skorarskiptum deildum, sbr. fund ráðsins 23. mars sl.**

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.  
- Frestað til næsta fundar.

**2.7 Drög að formlegum viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, skv. 5. gr. frumvarps til laga um háskóla, þingskjal 654, 433. mál. Skýrsla starfshóps á vegum menntamálaráðuneytis, maí 2006.**

Rektor gerði grein fyrir málinu.  
- Samþykkt að fela Önnu Pálu Sverrisdóttur, fulltrúa stúdenta, og Jóni Ólafi Skarphéðinssyni, fulltrúa heilbrigðisvísindasviðs, að taka saman umsagnir deilda og undirbúa afgreiðslu málsins í háskólaráði.

**3. Mál til fróðleiks**

**3.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011, staðfest af háskólaráði 11. maí 2006.**

**3.2 Welcome to the University of Iceland, kynningarbæklingur útgefinn í maí 2006.**

Fleira var ekki gert.  
Fundur slitið kl. 16.20.